



Til aðildarsveitarfélaga SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Selfossi, 7. september 2020

Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 29. og 30. október 2020

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 29. og 30. október n.k. á Stracta hótelinu á Hellu. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Sökum COVID-19 faraldursins kann að koma til þess að þingið verði ekki haldið á Stracta hótelinu, en verði í stað þess haldið í fjarfundi. Ef breyta þarf fundinum verður tilkynnt um það sérstaklega.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna á meðfylgjandi kjörbréfum, sem send verði á netfangið annamagga@sass.is fyrir **5. október** n.k., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2019	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.434	5
Skafthreppur	627	3
Mýrdalshreppur	719	3
Rangárþing eystra	1.961	4
Rangárþing ytra	1.682	4
Vestmannaeyjabær	4.355	7
Ásahreppur	251	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	609	3
Flóahreppur	687	3
Sveitarfélagið Árborg	10.055	13
Hrunamannahreppur	818	3
Bláskógabyggð	1.163	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	497	2
Hveragerðisbær	2.699	5
Sveitarfélagið Ölfus	2.276	5
Samtals	30.833	66

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal samkvæmt samþykktum aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila.

Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru eftirtaldir: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.



Kjörgengir á aðalfundina eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.

Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðisnefndar Suðurlands og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig tilkynnt til skrifstofu SASS. Aðalfundirnir eru einnig opnir öðrum sveitarstjórnarmönnum á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum. Skal þátttaka þeirra einnig tilkynnt ef kostur er á meðfylgjandi eyðublöðum.

Tekin hafa verið frá herbergi á Stracta hótelinu, miðvikudaginn 28. (fyrir þá sem þurfa þess) og fimmtudaginn. 29. október n.k. Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun á netfangið; info@stractahotels.is í síðasta lagi 9. október n.k. og taki fram að það sé **vegna ársþings SASS**. Tilgreina þarf hvort óskað er eftir gistingu í eina eða tvær nætur. Ekki verður tekið við pöntunum frá einstökum fulltrúum. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakana þannig að sveitarfélögin þurfa ekki líka að gera það þó þau séu tilnefndir fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna ársþingsins, þ.e. vegna fundaraðstöðu, kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir **12. október** n.k., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsvæðum í síðasta lagi þann 14. október n.k. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Ítreka að sökum COVID-19 faraldursins kann að koma til þess að þingið verði ekki haldið á Stracta hótelinu, en verði í stað þess haldið í fjarfundi. Ef breyta þarf fundinum verður tilkynnt um það sérstaklega.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri